



ÁRSSKÝRSLA 2004



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN





Ávarp forstjóra - Hrafnkell V. Gíslason	4
<i>Address of managing director</i>	4
Fjarskiptamarkaður	6
<i>The Electronic Communications Market</i>	7
<i>Data Collection</i>	7,8,9,10,11
Íslenskur fjarskiptamarkaður í tölum	8,9,10,11
Póstmarkaðurinn	12
<i>The Postal Market</i>	13
Alþjóðasamstarf	15
<i>International Relations</i>	16
Starfsemi	
<i>Operations</i>	17
Starfsfólk	
<i>Employees</i>	19

Ávarp forstjóra

- Hrafnkell V. Gíslason

Íslendingar standa á tímamótum í fjarskiptum. Kemur þar margt til, ör þróun í viðskiptum eftir opnun fjarskiptamarkaðarins, einkavæðing Símans, hraðfleygar tækniframfarir og samruni fjarskipta, upplýsingatækni og fjölmiðlunar. Alþjóðlegur samanburður sýnir að verðlag í fjarskiptaþjónustu hér á landi er samkeppnishæft, fjarskiptakerfin eru örugg og almenn-ingur og fyrirtæki eiga greiðan aðgang að fjölþættri þjónustu. Við höfum því alla burði til þess að sækja fram og verða enn virkari í upplýsingasamfélaginu. Í árslok 2004 var um helm-ingur íslenskra heimila tengdur ADSL- háhraðaneti. Þetta skapar grundvöll fyrir margs konar stafræna þjónustu með enn meiri flutningshraða en áður. Brýnt er því að öllum lands-mönnum gefist kostur á að tengjast skilvirkum fjarskiptanetum.

Samruninn

Samruni fjarskipta, upplýsingatækni og fjölmiðlunar mun breyta miklu í starfsumhverfi og frístundum landsmanna. Fólk mun innan skamms standa til boða gagnvirk þjónusta á almennum fjarskiptanetum sem áður var einungis í boði á sérhæfðum netum, t.d. stafrænt sjónvarp. Fjarskiptafélög munu færa út kvíarnar með auknu þjónustuframboði og sérhæfing þeirra mun aukast. Annars vegar munu þau bjóða dreifingu á stafrænu efni og hins vegar munu þau annast aðra samskipta-þjónustu og gagnaflutninga. Þá má gera ráð fyrir að rafræn þjónusta á Netinu aukist til muna, hvort heldur er á sviði viðskipta eða stjórnsýslu.

Samruninn svokallaði er þegar sýnilegur í starfsemi flestra fjölmiðlafyrirtækja. Þau veita viðamikla fréttþjónustu á veraldar-vefnum og ekkert er því lengur til fyrirstöðu að sjónvarps-stöðvar sendi út á Netinu. Í ljósi þessa er þeim sem starfa í fjarskiptum og fjölmiðlun nokkur vandi á höndum. Lög og reglur um fjarskipti annars vegar og fjölmiðla hins vegar eru ekki nógu skýr og taka ekki á margs konar samnýtingu í miðlun og þjónustu. Löggjafanum hefur m.ö.o. ekki gefist ráðrúm til að aðlaga lagarammann að tækniþróuninni, en sífellt er unnið að því að þróa evrópska regluverkið og við það verður íslensk löggjöf að miða.

Stjórnsýslan verður að fylgja með

Á grundvelli gildandi fjarskiptalaga er ljóst að fyrirtæki og stofnanir þurfa að veita og meta valkosti sína og leysa dreifimál eins og best verður á kosið. Forsjá ríkisins er ekki lengur fyrir að fara í þeim efnum. Á stjórnvöldum hvílir hins vegar sú skylda að þróa löggjöf og starfshætti í ljósi breyttra forsenda. Ef almennur og fyrirtæki eiga að geta nýtt sér til fulls tækifærin í nýjum tæknilausnum þarf að endurskoða verkferli og verkaskiptingu í stjórnsýslunni og miða hana í auknum mæli við þarfir þegnanna. Ríkisstjórn Íslands hefur sett fram metnaðarfulla stefnu um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2004-2007, undir heitinu *Auðlindir í allra þágu*. Kjörorðin eru *tækifæri, ábyrgð, öryggi og lífsgæði*. Forystumenn á öllum sviðum samfélagsins eru þar hvattir til að axla ábyrgð og vinna saman að því að nýta upplýsingatækni í þágu borgaranna. Jafnframt segir í stefnunni að tryggja verði aðgang fólks að traustu háhraðaneti á samkeppnishæfu verði.

Af mörgu er að taka ef lítið er til verkefna stjórnvalda á þessu sviði. Skýra þarf stöðu íslenska lénsins (.is) lagalega og m.t.t stjórnsýslulegrar ábyrgðar. Taka þarf afstöðu til þess hvort og þá hvaða afskipti ríkisvaldið á að hafa af lénaúthlutunum og skráningum, en fyrirtækið ISNIC sér nú alfarið um þær. Niður-

staða þarf að nást í umræðu um skipulag og ábyrgð við innleiðingu á rafrænum undirskriftum, en mikil grunnvinna hefur verið unnin á því sviði. Skipuleggja þarf samstarf stjórnsýslu og viðskiptalífs um net- og upplýsingaöryggi svo fyrirtæki og almennur geti treyst samskiptum á Netinu í daglegri notkun. Ræða þarf breyttar forsendur í fjölmiðlun, samræma löggjöf um hana og samstarf efnis- og dreifiveitna á fjarskipta-markaði. Íslendingar munu, líkt og aðrar þjóðir, standa frammi fyrir harðri samkeppni þegar sterkar alþjóðlegar dreifiveitur hafa haslað sér völl. Hvernig verður brugðist við því þannig að íslensk dagskrárgerð og menning geti blómstrað?

Í byrjun árs 2003 setti Póst- og fjarskiptastofnun fram stefnu-mörkun til ársins 2006. Ljóst er að á árinu 2005 þarf að móta nýja stefnu sem tekur mið af þeirri þróun sem rakin er hér. Hún mun kalla á endurmat á helstu grunnþáttum eftirlits á fjarskiptamarkaði, svo sem á kostnaðargrunni heildsölupáttu í fjarskiptaþjónustu, kostnaðarþáttum í alþjónustu og samkeppnisgrundvelli fyrirtækja sem reka þjónustu á sama fjarskiptaneti. Einnig þarf að skýra betur hlutverk stofnunarinnar í upplýsingasamfélaginu svo hún geti uppfyllt þær kröfur sem nýjar tækniforsendur leiða af sér, til hagsbóta fyrir neytendur og fyrirtæki í landinu.

Address of the Managing Director

– Hrafnkell V. Gíslason

Iceland is at a turning point in telecommunications. This is due to a number of factors: brisk business development following full liberalisation of the telecommunications market, Iceland Telecom's privatisation, rapid technological advances and the convergence of telecoms, IT and the media. In international comparison the pricing of electronic communications services in Iceland is relatively low, telecommunications networks are secure with public as well as business having ready access to a broad range of services. In short, Icelanders have everything it takes to move forwards in the international marketplace with expertise and technological know-how. At year-end 2004, approximately half of all Icelandic homes had an ADSL high-speed Internet connection, giving a platform for various digital services at even higher data-transmission rates than previously. It is of great importance to guarantee all Icelanders high-speed connection to efficient networks.

Convergence

The convergence of telecommunications, IT and the media is set to make a large impact on Icelanders' everyday work and personal lives. Soon people will have access to various interactive services, including digital television through public telecommunications networks. Telecoms operators will expand their activities to provide a wider service range as well as increased specialisation. They will, on the one hand, distribute digital content and, on the other hand, provide various communications services. In addition, Internet-based electronic services can be expected to be stepped up significantly, both in business and public administration.

This convergence is already a reality in the activities of most media companies. They provide extensive news services on the Internet and there is no longer any obstacles to TV channels

engaging in Internet-based broadcasting. In connection with these developments, however, telecoms and media operators are faced with a problem. Laws and rules on converge of electronic communications and the media lack clarity and do not address various shared use in transmission and services. The legal framework has not been adjusted to rapid technological developments. However, the Icelandic legislation will proceed to be in accordance with the European regulatory framework constantly under development.

Authorities must rise to the task

On the basis of the current Electronic Communications Act, businesses and organisations must weigh up their options in distribution in the manner best suited to their needs. The State no longer controls or looks after their interests in this respect. However, government is still responsible for passing legislation and developing procedures that accurately reflect new and changing conditions. If the general public and companies are to be able to take advantage of the new technological opportunities, administrative procedures need to be reviewed and increasingly be based on citizens' needs. The Government of Iceland has set an ambitious policy on the information society in 2004-2007 under the title *Resources to Serve Everyone*. The keywords of this policy are *opportunity, responsibility, security and quality of life*. This document encourages leaders in all spheres of society to utilise IT in the best interest of all citizens. It also includes ensuring people's access to high-speed Internet connections at competitive prices.

Many challenges awaits Icelandic government in this policy area. The legal and administrative status of the Icelandic Internet country code (.is) needs to be clarified. A position must be taken on whether and, if so, the State should interfere in the allocation and registration of domain names, which are now administered exclusively by the company ISNIC. A conclusion needs to be reached about the organisation of and implementation of electronic signatures, an area in which much groundwork has already been done. Co-operation between public administration and business in network and data security needs to be organised so that companies and the general public can trust their day-to-day Internet communications. In the light of radical changes in the media industry, legislation and regulations on co-operation between content providers and distributors need to be co-ordinated. Like in other countries, Icelandic market players will be faced with stiff competition from international providers of digital content. How are we to react to this and ensure prospering Icelandic media production and culture?

At year-start 2003, the Post and Telecom Administration (PTA) set a strategy for the period up to 2006. However, a new policy clearly needs to be formulated in 2005 that takes account of the developments outlined above. It will include a re-assessment of the basic aspects of regulation in the e-communications market, such as the cost base of wholesale factors in telecoms services, cost factors of universal service and the competitive basis for services provided by several parties on the same network. In addition, the PTA's role in the changed commercial environment needs to be better clarified in order to better meet the requirements due to new technological circumstances – for the benefit of consumers and businesses in Iceland.





Fjarskiptamarkaðurinn

Sviptingar voru á fjarskiptamarkaði á árinu 2004. Miklar breytingar urðu í eignarhaldi fjarskiptafyrirtækja og tvö þau stærstu keyptu sjónvarpsstöðvar.

Í september keypti Síminn fjórðung hlutfjár í Íslenska sjónvarpsfélaginu sem rekur Skjá einn og á útsendingarréttinn á ensku knattspyrnunni. Á seinni hluta árs keypti Og fjarskipti Margmiðlun og einnig stóran hlut í Línu-Net af Orkuveitu Reykjavíkur.

Í lok ársins keypti Og fjarskipti tvö dótturfélög Norðurljósa, Íslenska útvarpsfélagið, sem m.a. rekur Stöð 2 og Bylgjuna, og Frétt, sem gefur út Fréttablaðið og DV.

Einkavæðing og sala á 98,9% hlut ríkisins í Símanum var eitt helsta hitamálið í íslenski þjóðmálaumræðu á árinu 2004. Á Alþingi var deilt um hvort selja ætti allt fyrirtækið eða halda grunnneti Símans eftir í eigu ríkisins til að tryggja jafnan aðgang að því. Á haustdögum var ákveðið af hálfu ríkisstjórnar að selja Símann í heilu lagi. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu annast sölu Símans og í desember samdi nefndin við fjármálafyrirtækið Morgan Stanley um að veita ráðgjöf og aðra þjónustu vegna sölunnar. Áætlað er að selja Símann á fyrri hluta árs 2005.

FARICE-sæstrengurinn var tekinn í notkun í 3. febrúar og með honum þúsundfölduðust möguleikar á gagnaflutningi til og frá landinu. Strengurinn liggur frá Seyðisfirði um Færeyjar að norðurströnd Skotlands og er um 1.400 km langur. Hann er að fjórum fimmtu hlutum í eigu Íslendinga, þ.e. íslenska ríkisins og fjarskiptafyrirtækjanna Símans og Og fjarskipta. Færeyingar eiga fimmtungshlut.

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar vegna erindis Símans um frumkostnaðargreiningu í fjarskiptanetum Og fjarskipta var birt þann 15. júlí. Síminn krafðist þess að Póst- og fjarskiptastofnun hlutaðist til um að Og fjarskipti gerði grein fyrir þeim gjöldum sem tekin voru fyrir að ljúka símtölum annarra símafyrirtækja í eigin neti. Póst- og fjarskiptastofnun komst að þeirri niðurstöðu að Og fjarskipti hefði sýnt fram á að kostnaðargrunnur sem gjaldskrá miðaðist við gæti staðist að teknu tilliti til þeirrar aðferðafræði sem notuð var við að greina kostnaðinn. Stofnunin gerði þ.a.l. ekki athugasemdir við gildandi gjaldskrá fyrirtækisins, en áskildi sér þó rétt til að endurskoða þá ákvörðun í ljósi markaðsgreiningar skv. fjarskiptalögum nr. 81/2003.

Þann 1. október tók gildi númeraflutningur í GSM-farsímanetum sem gerði notendum kleift að halda óbreyttu símanúmeri þótt skipt væri um farsímafyrirtæki. Það er trú Póst- og fjarskiptastofnunar að númeraflutningur muni efla samkeppni á farsímamarkaði, neytendum til hagsbóta.

Talsímaþjónusta fyrir Internetið (Voice over Internet Protocol) var talvert í umræðunni hér á landi á seinni hluta árs eins og víða um heim. Þessi nýjung í fjarskiptatækni gerir neytendum kleift að tala ódýrt eða ókeypis á netinu, hvort heldur innanlands eða til útlanda. Póst- og fjarskiptastofnun tók þátt í stefnumótun evrópskra eftirlitsstofnana og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um forsendur talsímaþjónustu á netinu.

Stafrænar sjónvarpsútsendingar um nýtt dreifikerfi hófust 1. nóvember á vegum Íslenska útvarpsfélagsins undir nafninu *Digital Ísland*. Tugir innlendra og erlendra

sjónvarpsstöðva eru nú sendar út stafrænt og er hægt að fjölga stöðvum enn frekar með þessari tækni.

Fjarskiptafyrirtækjum fjölgaði töluvert á árinu 2004. Póst- og fjarskiptastofnun nýskráði 13 fyrirtæki og afskráði 2. Í árslok voru 55 skráð fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði.

The Electronic Communications Market

The year 2004 saw significant changes in the electronic communications market. Competitors bought other electronic communications companies, and the two largest companies bought television stations. In September, Iceland Telecom bought a quarter of all shares in the Icelandic Television Company that operates the Skjár Einn TV station and owns broadcasting rights to the English premier league. In the second half of the year, Og fjarskipti bought Margmiðlun and also a large share in Lína-Net from Reykjavík Energy.

At the end of the year, Og fjarskipti bought two subsidiaries of Norðurljós, Íslenska útvarpsfélagið, which operates Stöð 2 and Bylgjan among others, and Frétt, which publishes Fréttablaðið and DV.

Privatisation and sale of the State's 98.9% share in Iceland Telecom was one of the biggest topics of discussion in Iceland in 2004. There was a dispute in Parliament over whether the company should be sold as a whole or whether the basic electronic communications network should be left in the ownership of the government to ensure equal access to it. In the autumn, the government decided to sell Iceland Telecom in one piece. The Executive Committee on Privatisation is handling the sale, and in December the committee made an agreement with Morgan Stanley for consulting and other services related to the sale. Iceland Telecom is expected to be sold in the first half of 2005.

The FARICE submarine transmission cable was brought into use on 3 February, thereby multiplying the capacity for data transfers to and from the country thousandfold. The cable runs for about 1,400 km from Seyðisfjörður through the Faroe Islands to the northern coast of Scotland. The Icelandic Government and the companies Iceland Telecom and Og fjarskipti, own eighty percent of the cable. The Faroese own one fifth.

A decision by the Post and Telecom Administration (PTA) regarding a request from Iceland Telecom on a prime cost analysis in the electronic communications networks of Og fjarskipti was published on 15 July. Iceland Telecom demanded that the PTA obtained Og fjarskipti's justification for the fees charged for terminating phone calls from other telephone companies in their own network. The PTA found that Og fjarskipti had shown that the cost base, which the tariff was based on, was plausible considering the method used for analysing the cost. The agency therefore made no observations regarding the company's current tariff, but reserved the right to review that decision in light of a market analysis according to the Electronic Communications Act no. 81/2003.

On 1 October, the number portability in the GSM networks

took effect, enabling users to keep their numbers when switching between mobile phone companies. The PTA believes that the number portability will promote competition in the mobile phone market for the benefit of the consumers.

Internet-based telephone services or VoIP (Voice over Internet Protocol) was a pretty hot topic in Iceland and other parts of the world in the second half of the year. This new electronic communications technology enables users to talk cheaply or for free over the Internet, either domestically or internationally. The PTA participated in policy making for European national regulatory authorities and the European Commission regarding the requirements for Internet-based telephone services. Íslenska útvarpsfélagið began digital television broadcasting over a new network on 1 November under the name *Digital Ísland*. Tens of Icelandic and international television stations are now broadcasted digitally, and it is possible to further increase the number of stations.

The number of electronic communications companies grew considerably in 2004. The PTA registered 13 new companies and de-registered 2. At the end of the year, 55 companies were registered in the Icelandic electronic communications market.

Data collection

Data collected twice a year from licensed and registered operators reflects the rapid developments in the telecommunications market. The statistical overview for the year 2004 reveals a growing number of Internet service providers in Iceland and that more than fifty thousand Icelanders have a high-speed Internet connection (xDSL). The telephone market, however, is characterised by a duopoly. Iceland Telecom has a 74% market share in national telephone telecommunications over the fixed network and a 64.5% share in the GSM market based on the number of customers. Iceland Telecom's share in the mobile telephone market has not changed from 2002 to 2004, but its share in the fixed network operations has decreased. Phone calls in the fixed network have decreased steadily, while telephone calls in the mobile networks are on the rise. Fewer subscriber lines are being installed in the fixed network of Iceland Telecom, while the number of ISDN basic access users is growing. The statistical overview also reveals that Icelanders sent more than one hundred and fifty million SMS's to mobile phones in 2004 - or more than double the amount sent four years ago.

The PTA seeks to move the regular data compilation in consistency with other regulators in Europe. This enables a comparison of major economic aggregates in the international telecommunications market and the creation of a database of market analysis that regulators in Europe are working on according to EU directives. The PTA's data collection is basically divided into three areas. First, data is collected from registered operators. Second, the PTA conducts consumer research and, third, price monitoring is carried out. That way, the PTA meets the requirements of operators and consumers for useful information and contributes to increased competition and price awareness.

Íslenskur fjarskiptamarkaður í tölum

Gögn, sem Póst- og fjarskiptastofnun safnar tvisvar á ári úr rekstri leyfisskyldra og skráðra fyrirtækja, endurspeglar öra þróun á fjarskiptamarkaði.

Í tölfræðiyfirliti fyrir árið 2004 kemur fram að á annan tug netþjónustufyrirtækja eru starfrækt í landinu og að meira en fimmtíu þúsund Íslendingar eru áskrifendur að háhraðatengingum (xDSL). Tvíkeppni ríkir hins vegar á símamarkaði. Síminn er með 74% markaðshlutdeild í innanlandssamtölum á fastaneti og 64,5% hlutdeild á GSM-farsímamarkaði miðað við fjölda viðskiptavina.

Hlutdeild Símans á farsímamarkaði breyttist ekki frá 2002 til 2004 en hlutdeild í fastlínukerfinu minnkaði nokkuð. Símtölum í almenna símanetinu fækkar jafnt og þétt á meðan símtölum í farsímanetum fjölga. Þá voru færri notendalínur settar upp í fastaneti Símans á sama tíma og ISDN grunn tengingum fjölgaði. Í tölfræðiyfirliti kemur einnig fram að Íslendingar sendu yfir eitt hundrað og fimmtíu milljónir smáskilaboða í farsíma á árinu 2004, eða yfir tvöfalt fleiri en fyrir fjórum árum.

Leitast er við að samræma tölfræðisöfnun PFS við það sem almennt gerist hjá öðrum eftirlitsstofnunum í Evrópu. Þannig er hægt að bera saman helstu hagstærðir á alþjóðlegum fjarskiptamarkaði og skapa gagnagrunn fyrir markaðsgreiningu sem eftirlitsstofnanir í Evrópu eru að vinna að samkvæmt tilskipunum ESB. Tölfræðisöfnun PFS skiptist í grundvallaratriðum í þrennt. Í fyrsta lagi er safnað gögnum hjá skráðum fjarskiptafyrirtækjum. Í öðru lagi eru gerðar neytendakannanir og í þriðja lagi verðlagsrannsóknir. Þannig er komið til móts við þarfir fyrirtækja og neytenda á gagnlegum upplýsingum og stuðlað að aukinni samkeppni og verðvitund neytenda.

Uppsettar línur í almenna símanetinu 1994–2004 Access channels in the fixed telephone network and digital subscriber lines 1994–2004

Í árslok <i>End of year</i>	Uppsettar línur · <i>Access channels (wired lines)</i>			
	Alls ¹ <i>Total¹</i>	Notendalínur í fastaneti (PSTN) <i>Standard lines (PSTN)</i>	ISDN grunn-tengingar (2B+D) <i>ISDN basic (2B+D)</i>	ISDN stofn-tengingar (30B+D) <i>ISDN primary (30B+D)</i>
1994	148.300	148.300	.	.
1995	148.645	148.645	.	.
1996	156.807	153.551	698	62
1997	165.390	151.700	3.425	228
1998	173.673	148.817	7.388	336
1999	184.973	145.769	12.192	494
2000	196.336	141.330	17.018	699
2001	196.528	139.300	17.379	749
2002	187.999	137.353	15.988	789
2003	192.552	135.402	15.900	845
2004	190.478	133.504	16.022	831

Skýring: Tölur nálgast að sýna fjölda númera í almenna símanetinu.

Note: Figures approach showing telephone numbers in use in the fixed network.

1) Heildartala er fengin með því að leggja saman notendalínur í fastaneti, ISDN grunn tengingar (sinnnum tveir) og ISDN stofntengingum (sinnnum 30 að hámarki).

Totals are found by adding the number of standard lines, ISDN basics and ISDN primaries (as multiplied with two and 30 max, respectively).

Heimildir: Hagstofa Íslands (upplýsingar símafyrirtækjanna) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).

Source: Statistics Iceland (information from the telecommunication companies) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Fjarskiptafyrirtæki 1997–2004

Telecommunications operators 1997–2004

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Almenna símanetið (Fixed network operators)								
Símaþjónusta á landsvísu	1	1	1	2	3	3	3	2
Símaþjónusta milli landa	1	2 ²	2 ²	2	5	5	4	2
Farsímakerfi (Cellular mobile networks)								
Farsímaþjónusta	1	2	2	2	3	3	3	3
Netveitur¹ (Internet Svervice Providers)	12	12	12	12

Skýring: Fjöldi leyfishafa Póst- og fjarskiptastofnunar sem hafa nýtt sér símreklarleyfi frá 1. janúar 1998, er einkaréttur Landssíma Íslands var afnuminn.
Note: Figures refer to number of active operators, not number of license holders, since 1 January when the monopoly rights of the former PTT monopoly was abolished.


¹ Þar með talinn aðgangur að gátt, endursala léna og netfanga. Ekki tæmandi upplýsingar. *Not exhaustive information.*

² Landssími Íslands og dótturfyrirtæki hans, Skíma. *Iceland Telecom and its subsidiary Skíma.*

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun. *Source: Post and Telecommunication Administration.*

Markaðshlutdeild ráðandi aðila á símamarkaði 1998-2004

Market shares of the incumbent telecommunications actor 1998-2004



Skýring: Hlutdeild Landssíma Íslands á símamarkaði.

Note: Market share of the incumbent actor, the Iceland Telecom, on the telecommunications market.

Samanlögð hlutdeild í tekjum af innlandssímtölum á fastaneti. *Share of combined receipts from national call in the fixed networks.*

Landið var gert að einu gjaldskrársvæði á fastaneti árið 1998. *The country is one tariff area in the fixed networks since in the year 1998.*

Hlutdeild í fjölda notenda GSM í árslok. *Share of total number of users of GSM at end-of-year.*


Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun. *Source: Post and Telecommunication Administration.*

Innanlandssímtöl í fastaneti
National calls in fixed networks

GSM áskriftir
GSM subscriptions

Notendalínur í almenna símanetinu 1990–2004¹

Main telephone lines in the fixed network 1990–2004¹



Skýringar: Tölur nálgað að sýna fjölda áskrifenda í almenna símanetinu. Skipting milli heimilistenginga og fyrirtækja og stofnanatenginga eru nálgaðar tölur.

Notes: Figures approach showing the number of telephone subscribers in the fixed network. Distribution between residential and non-residential lines are approximate figures.


¹ Ásamt ISDN stofn- og grunn tengingum. *Including ISDN basic and ISDN primary lines.*

Heimildir: EUROSTAT (Communication Services 1980–1992), Póstur og sími og Póst- og fjarskiptastofnun.

Sources: EUROSTAT (Communication Services 1980–1992), Post and Telecommunication Authorities and Post and Telecommunication Administration.

Símtöl innanlands í almenna símanetinu (PSTN/ISDN) 1990-2004

Telephone national traffic in the fixed networks (PSTN/ISDN) 1990-2004




Skýring: Tölur 1990–1997 vísa til fjölda skrefa (viðtalsbila), annars til fjölda mínútna.
 Note: Figures 1990–1997 refer to number of pulses, otherwise to number of minutes.

Heimildir: Póst- og símamálastofnunin (Póstmagn og símaumferð) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).
 Source: Post and Telecommunication Authorities (Post Volume and Telephone Traffic) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

ISDN grunn- og stofntengingar 2004


ISDN basic and primary lines 2004



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).
 Source: Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Háhraðatengingar (xDSL áskriftir)


xDSL subscriber connections



Heimildir: Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).
 Source: Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Farsímakerfi 2000-2004

Cellular telephone networks 2000-2004




Heimildir: Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).

Source: Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Símtöl í farsímanetum 2000-2004

Traffic in cellular mobile telephone networks 2000-2004




Heimildir: Hagstofa Íslands (upplýsingar símafyrirtækjanna 2000) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna 2001–2004).

Sources: Statistics Iceland (information from the telecommunication companies 2000) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies 2001–2004).

Smáskilaboð í farsíma

Short text messages to mobile phones 2000-2004



Heimildir: Hagstofa Íslands (upplýsingar símafyrirtækjanna 2000) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna 2001–2004).

Sources: Statistics Iceland (information from the telecommunication companies 2000) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies 2001–2004).



Póstmarkaðurinn

Tvö fyrirtæki starfa á íslenskum póstmarkaði; Íslandspóstur, sem er langstærst og fer með einkarétt ríkisins á sendingum bréfa undir 100 gr., og Póstdreifing ehf., sem tók til starfa á árinu 2003.

